

Ár 2022, miðvikudaginn 19. október, kl. 09:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Lúðvík Erni Steinarssyni og Valgerði Valdimarsdóttur.

Fyrir er tekið:

mál nr. 3/2022

Knattspyrnudeild Víkings R.

gegn

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I.

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Lúðvík Örn Steinarsson og Valgerður Valdimarsdóttir.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 12. október 2022, þar sem Knattspyrnudeild Víkings R. var gert að sæta sekt að upphæð kr. 200.000,- til KSÍ og knattspyrnuliði Víkings R. í mfl. karla var gert að sæta heimaleikjabanni í 1 leik í keppnum á vegum KSÍ.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 17. október 2022 þar sem Knattspyrnudeild Víkings R. gerir eftirfarandi kröfur:

Að hluti úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar gagnvart Knattspyrnudeild Víkings R. frá 12. október sl. er varðar heimaleikjabbann verði felldur brott. Knattspyrnudeild Víkings R. mun una þeirri sekt sem hefur verið ákveðin með umræddum úrskurði.

II.

Áfrýjandi er Knattspyrnudeild Víkings R. sem leikur í Bestu deild karla. Þann 1. október sl. fór fram úrslitaleikur FH og Víkings R. í Mjólkurbikarkeppni karla á Laugardalsvelli í Reykjavík. Mánudaginn 3. október barst skýrsla frá eftirlitsmanni KSÍ á umræddum úrslitaleik til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Í samræmi við ákvæði 5.1.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti KSÍ. Í skýrslu eftirlitsmanns í leiknum er atvikum, er varða áhorfendur og stuðningsfólk Víkings, lýst með eftirfarandi hætti:

„[...]Stuðningsmenn Víkinga voru aftur á móti með mun alvarlegri hegðun. Þá er ég hér að vísa til þess hóps sem var fremst í stúkunni, við grindverkið. Þeir kveiktu allavega í þrígang á blysum. Í fyrsta skiptið eftir að þeir skorudu sitt fyrsta mark á mín 26. Einnig eftir annað mark sitt á mín 89. Og svo í þriðja skiptið að leik loknum. Nokkuð var um niðsöngva gagnvart leikmönnum og þjálfara FH sem voru særandi og með öllu óásættanlegir.

Það sem ég heyrði varðandi söngvana var „Eiður er alltaf fullur“ og „Number 6 is a sex offender“

Sýnileg ölvun var hjá stuðningsmönnum Víkinga og einn stuðningsmaður hljóp inn á völlinn úr gömlu stúkunni að ég held, en ég sá ekki almennilega hvar hann kom inn. Hann gat síðan valseð

um völlinn án afskipta í nokkurn tíma og ekki fyrr en hann var kominn fyrir framan stuðningsmenn Víkinga er hann stoppaði sem gæslan tók að bregðast við.

Einnig tók ég eftir bjórdósum í kringum gæslu sem stóð fyrir framan stuðningsmenn Víkinga, án þess að hafa séð þær fljúga þar inn, enda að fylgjast með leiknum sjálfum.“

Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál var skýrsla eftirlitsmanns leiksins send til hlutaðeigandi félags þann 4. október og því gefinn kostur á að koma að athugasemdum vegna skýrslunnar fyrir næsta reglulega fund aga- og úrskurðarnefndar. Þann 6. október barst bréf frá Heimi Gunnlaugssyni formanni knattspyrnudeildar Víkings R. þar m.a. kom eftirfarandi fram:

Það var mikil stemning á leiknum og stuðningur beggja liða frábær. Hins vegar komu upp tiltekin atvik beggja megin í stúkunni sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum og varðar hegðun stuðningsfólks. Í kjölfarið leiksins og eftir að félaginu hafði verið tilkynnt um hegðun nokkurra af stuðningsfólki Víkings sendi félagið frá sér yfirlýsingu, dags. 3. október sl., þar sem sú hegðun var hörmuð. Í kjölfarið hefur félagið rætt við fólk sem var nálægt þeim stað í stúkunni sem um ræðir til þess að fá betri mynd af atvikum í þeim tilgangi að geta brugðist við. Af þeim samtölum er ljóst að um örfáa einstaklinga var að ræða sem hegðuðu sér illa og voru talsvert ölvaðir. Félagið hefur einnig aflað sér upplýsinga um framkvæmd leiksins og verður að segjast að henni var því miður ábótavant með tilliti til þess um hversu stóran viðburð var að ræða.

Ljóst er að líkamsleit við inngang á Laugardalsvöll var ekki sinnt með fullnægjandi hætti. Sú leit, ef hún hefði verið framkvæmd á réttan hátt, hefði t.a.m. komið í veg fyrir að einstaklingum takist að hafa með sér áfengi og blys í stúku vallarins. Þá er ljóst af ljósmyndum sem félagið hefur undið höndum að pappakassar utan af bjórdósum voru á víð og dreif um stúkuna á Laugardalsvelli. Þar sem óheimilt er að selja slíkt á Laugardalsvelli nema hella innihaldi bjórdósa í glös þá verður að gera ráð fyrir að einstaklingar hafi gengið inn á völlinn og upp í stúkuna með heila kassa af bjórdósum. Ef dósir voru seldar til stuðningsfólks á vellinum þá er það auðvitað grafalvarlegt og er tilefni til þess að skoða það sérstaklega að mati félagsins hvort sú hafi verið raunin. Að fólki hafi tekist að ganga upp í stúku Laugardalsvallar með heila kassa af bjórdósum segir sitt um það hversu ófullnægjandi gæsla og líkamsleit var á vellinum. Félagið hefur heyrt það úr nokkrum áttum að vegna raðar sem hafði myndast við innganginn hefði stuðningsfólki einfaldlega verið hleypt inn á völlinn án þess að fara í gegnum líkamsleit, sem er óásættanlegt á svona stórum viðburði.

KSÍ er framkvæmdaraðili, skipulagningaraðili og ábyrgðaraðili leiksins. Þau félög sem etja kappi í úrslitaleik Mjólkurbikars karla eiga enga aðkomu að útvegum gæslufólks eða því hvernig störfum þeirra er háttáð á meðan á viðburðinum stendur. Það er því ómögulegt að ætlast til þess að Knattspyrnufélagið Víkingur beri ábyrgð á því hvernig fólki tókst að koma blysum eða áfengum varningi inn á völlinn fyrir leikinn eða á meðan honum stóð. Í áðurnefndri yfirlýsingu félagsins er framkoma nokkurra stuðningsmanna félagsins hörmuð en eins og samskiptastjóri KSÍ komst að orði við fjölmiðilinn Vísi eftir leikinn þá er erfitt að stjórna því hvernig fólk hagar sér. Það sem er hins vegar hægt að gera er að bregðast við því þegar upp koma slík atvik og þar hefði gæslufólk á Laugardalsvelli auðvitað átt að bregðast við.

Því miður kom upp leiðindaratvik þegar tiltekinn einstaklingur hljóp inn á leikvöllinn á meðan á leik stóð. Slíkt er óafsakanleg hegðun og á að sjálfsögðu ekki að sjást á knattspyrnuvöllum. Þessum aðila hefði átt að vera vísað af vellinum og meinad um aðgengi að honum aftur á meðan á leik stóð. Þessi aðili fékk hins vegar að hlaupa um óáreittur þar til hann staðnæmdest á vellinum og hann handsamaður. Viðkomandi var hins vegar kominn aftur upp í áhorfendastúkuna nokkrum mínútum

eftir að hann var tekinn föstum tókum af gæslufólki vallarins. Þetta er óskiljanlegt en þó mjög afhjúpanði fyrir gæði gæslunnar á leiknum.

Í skýrslu eftirlitsmanns leiksins segir að stuðningsfólk Víkings hafi viðhaft særandi ummæli gagnvart leikmönnum og þjálfara FH. Skýrslan er verulega einhliða og alls ekki í samræmi við upplifun þeirra sem félagið hefur rætt við eftir leikinn. Það hefur t.a.m. komið fram bæði í fjölmiðlum og annars staðar að það hafi verið ölvun beggja megin í stúkunni og augljóst af myndefni frá RÚV að sóðaskapur var fyrir framan áhorfendapalla beggja stuðningsliða. Skýrslan nefnir hins vegar eingöngu bjórdósir fyrir framan hólfi Víkings og þar er tiltekið að forráðamenn FH hafi sérstaklega bent eftirlitsmanni á þau atriði er vörðuðu stuðningsfólk Víkings eftir leikinn. Miðað við þær upplýsingar sem félagið hefur aflað sér eru þau ummæli sem eru nefnd í skýrslunni og stuðningsfólk Víkings á að hafa viðhaft einfaldlega röng og ekki rétt farið með þau. Þau ummæli sem fram fóru voru mun saklausari en þau sem þar koma fram og einfaldlega í anda þess að vera „létt skot“ eins og eftirlitsmaðurinn segir stuðningsfólk FH hafa viðhaft.

Þá sést greinilega á ljósmyndum frá leiknum hvernig kveikt er á blysum hjá stuðningsfólki FH þegar leikmenn ganga inn á völinn í upphafi leiks, en það er hvergi nefnt í skýrslu eftirlitsmannsins. Knattspyrnufélagið Víkingur neyðist því til að gagnrýna einhliða frásögn eftirlitsmannsins og að ekki sé rétt með farið í skýrslu hans. Einnig er bagalegt að hún sé ekki nákvæmari, en t.d. hefði mátt hafa tilvísanir í einstök ummæli þannig að fram komi hvenær þau áttu að hafa farið fram o.s.frv. Það er grundvallarregla í eftirliti að geta vísað beint til þeirra atriða sem athugasemdir eru gerðar við en ekki að slíkt sé gert með óljósum hætti ef byggja skal á þeim.

Stjórnarfolk Víkings var viðstatt á hlaupabraut Laugardalsvallar eftir leikinn og hefur einnig rætt við einstaklinga sem voru í stúkunni á meðan á leik stóð. Upplifun þeirra er engan veginn í samræmi við skýrslu eftirlitsmanns hvað varðar þau ummæli sem þar koma fram.

Eins og fyrr segir hefur Knattspyrnufélagið Víkingur harmað hegðun nokkurra stuðningsmanna félagsins á umræddum leik. Það er hins vegar alveg ljóst að lang stærstur hluti stuðningsmanna Víkings hagaði sér vel á leiknum og sýndi liði sínu frábæran stuðning. Það var fyrirséð að viðburðurinn yrði mjög stór og að mati félagsins var ekki nógu vel staðið að framkvæmd leiksins. KSÍ þarf að taka ábyrgð á skipulagningu og viðeigandi mönnun gæslufólks, bæði hvað varðar fjölda þeirra en einnig hvað varðar störf þeirra á meðan á viðburði stendur – á því getur Knattspyrnufélagið Víkingur ekki tekið ábyrgð.

Samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndar dags. 12. október sl. var það álit nefndarinnar að framkoma áhorfenda og stuðningsfólks Víkings R. í framangreindum leik FH og Víkings R. hafi verið vítaverð og hættuleg gagnvart leikmönnum, dómurum þjálfurum og öðrum. Að mati nefndarinnar sé það ljóst að sérhvert aðildarfélag skuli bera ábyrgð á framkomu félagsmanna og stuðningsmanna sinna vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögnum og reglugerðum KSÍ, sbr. grein 5.10. laga KSÍ. Framkoma áhorfanda Víkings R. í bikarúrslitaleik liðsins gegn FH hafi ótvírætt fallið undir ákvæði 12.9.d. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Með vísan til framangreinds ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að sekta Knattspyrnudeild Víkings R. vegna framkomu áhorfenda félagsins í leik liðsins við FH þann 1. október 2022. Með tilliti til fjölda þeirra vítaverðu og hættulegu atvika sem lýst er í skýrslu eftirlitsmanns og varða áhorfendur Víkings R. þótti nefndinni rétt að sekta knattspyrnudeild Víkings R. um kr. 200.000,- sem er hámarkssekt samkvæmt grein 12.9.d. Jafnframt var það mat aga- og úrskurðarnefndar, í ljósi alvarleika þeirra brota sem lýst er í skýrslu eftirlitsmanns, að rétt væri að úrskurða knattspyrnulið Víkings R. í mfl. karla í heimaleikjaban sem nemur

1 leik í keppnum á vegum KSÍ. Þannig var knattspyrnuliði félagsins í mfl. karla gert að leika næsta heimaleik sinn í keppnum á vegum KSÍ á hlutlausum velli.

Fimmtudaginn 13. október barst skrifstofu KSÍ tilkynning um áfrýjun frá Knattspyrnudeild Víkingi R. á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar sem kveðinn var upp 12. október. Greinargerð Knattspyrnudeildar Víkingis R. vegna áfrýjunarinnar barst svo innan áfrýjunarfrests eða mánudaginn 17. október.

III.

Í greinargerð frá knattspyrnudeild Víkingis R. vegna áfrýjunar til áfrýjunardómstóls voru ítrekaðar athugasemdir sem fram komu í greinargerð fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ. Auk þess kom eftirfarandi athugasemdir fram í greinargerð frá Knattspyrnudeild Víkingis R. vegna áfrýjunar:

„Félagið aflaði sér strax upplýsinga um framkvæmd leiksins og í ljós kom að henni var því miður ábótavant með tilliti til þess um hversu stóran viðburð var að ræða. Í þessu sambandi vill félagið benda á að nýlega hafa verið haldnir leikir í forkeppni Meistaradeildar Evrópu og Sambandsdeild Evrópu í Víkinni, með viðeigandi kröfum á félagið og eftirliti frá UEFA. Knattspyrnudeild Víkingis er því vel kunnugt um það hvernig halda á stóra viðburði og að hverju þarf að huga, sér í lagi með tilliti til gæslu áhorfenda.

[...]Upp kom leiðinda atvik þegar tiltekinn einstaklingur hljóp inn á leikvöllinn á meðan á leik stóð. Slíkt er óafsakanleg hegðun og á að sjálfsögðu ekki að sjást á knattspyrnuvöllum. Þessum aðila hefði átt að vera vísað af velli og meinað um aðgengi að honum aftur á meðan á leik stóð. Þessi aðili fékk hins vegar að hlaupa um óáreittur þar til hann staðnæmdist á velli og hann handsamaður. Viðkomandi var hins vegar kominn aftur upp í áhorfendastúkuna nokkrum mínútum eftir að hann var tekinn föstum tókum af gæslufólki vallarins. Þetta er óskiljanlegt en þó mjög afhjúpanði fyrir gæði gæslunnar á leiknum.

[...]Það var fyrirséð að viðburðurinn yrði mjög stór og að mati félagsins var ekki nógu vel staðið að framkvæmd leiksins. KSÍ hefur nú fengið sekt fyrir óforsvaranlega umgjörð og óviðeigandi mönnun gæslufólks, bæði hvað varðar fjölda þeirra en einnig hvað varðar störf þeirra á meðan á viðburði stendur. Það hversu illa var staðið að framkvæmd leiksins hefur bitnað hvað verst á þeim félögum sem léku umræddan leik og nú hafa bæði félögin fengið sekt vegna framkomu áhorfenda sinna sem rekja má beint til ófullnægjandi gæslu og líkamsleitar.

[...]Knattspyrnufélagið Víkingur hefur kynnt sér úrskurði í agamálum á vegum UEFA og af þeim er alveg ljóst að heimaleikjabbann sem refsing fyrir þau atríði sem eftirlitsmaður tiltekur í sinni skýrslu er í engu samræmi við þá úrskurði. Þar má finna mun alvarlegri háttsemi eins og t.d. flugeldaskot, óeirðir og stuðningsfólk sem hendur hlutum í átt að leikmönnum, þjálfurum og dómurum en almennt er einungis sektum beitt. Með vísan til þess telur Knattspyrnudeild Víkingis sig ekki geta annað en mótmælt harðlega þeirri ákvörðun að gera félaginu að sæta heimaleikjabbanni til viðbótar við hámarkssekt og fer því fram á að sá hluti úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felldur brott.“

IV.

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 12. október 2022. Með honum var áfrýjanda gert að sæta sekt að upphæð kr. 200.000,- til KSÍ og knattspyrnuliði áfrýjanda í mfl. karla var gert að sæta heimaleikjabbanni í 1 leik í keppnum á vegum KSÍ. Áfrýjun Knattspyrnudeildar Víkingis R. barst skrifstofu KSÍ þann 17. október sl. Áfrýjun snýr aðeins að úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um heimaleikjabbann knattspyrnuliðs Víkingis R. í mfl. karla í 1 leik. Knattspyrnudeild Víkingis R. unír sekt að upphæð kr. 200.000,- sem hefur verið ákveðin með umræddum úrskurði.

Það liggur ljóst fyrir að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 12. október sl. gagnvart áfrýjanda byggist á grein 12.9.d) í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Grein 12.9.d) er svohljóðandi:

Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 200.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt

Dómurinn tekur undir þau sjónarmið í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar að heimfæra megi þau atvik, sem snerta framkomu áhorfenda og stuðningsfólks áfrýjanda sem lýst er í skýrslu eftirlitsmanns á bikarúrslitaleik FH og Víkings R. þann 1. október sl., undir tilvitnað ákvæði 12.9.d). Það er mat dómsins að þau atvik sem lýst er í skýrslu eftirlitsmanns hafi verið vítaverð og ámælisverð. Hafi tiltekið stuðningsfólk og áhorfendur Víkings R. þrívægis kveikt á blysum, sungnir hafi verið níðsöngvar í garð leikmanns og starfsmanns FH og þá hafi stuðningsmaður Víkings R. truflað leik er hann hljóp inn á keppnisvöll á meðan leik stóð svo stöðva þurfti leik. Loks hafi eftirlitsmaður orðið vitni að sýnilegri ölvun og öðrum óspektum á meðal stuðningsfólks Víkings R.

Í samræmi við grein 5.10. laga KSÍ ber Knattspyrnudeild Víkings R. hlutlæga ábyrgð á framkomu stuðningsmanna sinna og getur hlotið viðurlög í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Viðurlagaheimild í grein 12.9.d) miðar við beitingu sektar um allt að kr. 200.000,-. Auk þess, ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða, heimilar ákvæðið að viðkomandi lið skuli sett í heimleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt. Áfrýjandi gerir þá kröfu fyrir áfrýjunardómstóli að sá hluti úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 12. október sl. um heimaleikjabann Víkings R. verði felldur brott. Í greinargerð áfrýjanda kemur fram að KSÍ hafi verið framkvæmdaraðili, skipulagningaraðili og ábyrgðaraðili bikarúrslitaleiks FH og Víkings R. þann 1. október sl. Er það í samræmi við grein 23.3.7. í reglugerð um knattspyrnumót þar sem fram kemur að KSÍ annist framkvæmd úrslitaleiks bikarkeppinnar í samráði við leikaðila en leikurinn fór fram á Laugardalsvelli.

Það er mat dómsins að við beitingu síðari málsliðar greinar 12.9.d) um heimaleikjabann þurfi annars vegar að taka afstöðu til þess hvort brot teljist alvarlegt eða um ítrekun sé að ræða og hins vegar hvort öryggi leikmanna, þjálfara og annarra teljist tryggt á heimaleikjum viðkomandi liðs á heimavelli. Dómurinn tekur undir sjónarmið í niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar að framkoma áhorfenda og stuðningsfólks áfrýjanda sem lýst er í skýrslu eftirlitsmanns teljist alvarleg í skilningi greinar 13.9.d). Hins vegar þykir dómnum ekki sýnt fram á að öryggi leikmanna, þjálfara og annarra teljist ótryggt á heimaleikjum liðs áfrýjanda. Í því skyni horfir dómurinn m.a. til þess að önnur mál vegna framkomu áhorfenda og stuðningsfólks áfrýjanda, vegna greinar 13.9.d), hafa ekki komið til kasta aga- og úrskurðarnefndar eða áfrýjunardómstóls á yfirstandandi keppnistímabili. Einnig horfir dómurinn til þess að það hafi ekki verið í höndum áfrýjanda að gæta að öryggismálum í umræddum leik. Af þeim ástæðum getur dómurinn ekki tekið afstöðu til þess hvort öryggi leikmanna, þjálfara og annarra teljist ekki tryggt á heimaleikjum áfrýjanda svo lið áfrýjanda verði dæmt í heimaleikjabann, samkvæmt grein 13.9.d). Dómurinn leggur þó ríka áherslu á að um sé að ræða alvarlegt brot og verði þau ítrekuð komi til álita að beita frekari viðurlögum gagnvart áfrýjanda í samræmi lög og reglugerðir KSÍ.

Með vísan til framangreinds er úrskurður aga- og úrskurðarnefndar frá 12. október 2022 um heimaleikjabann knattspyrnuliðs Víkings R. í mfl. karla í 1 leik felldur úr gildi. Sekt knattspyrnudeildar Víkings R. að upphæð kr. 200.000,- stendur óhögguð.

Dómsorð:

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar frá 12. október 2022 um heimaleikjabann knattspyrnuliðs Víkings R. í mfl. karla í 1 leik er felldur úr gildi.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Lúðvík Örn Steinarsson [sign]

Valgerður Valdimarsdóttir [sign]